

Rock'n'roll in Iceland

The rock'n'roll fever beset Iceland in 1957. It was considered a great threat to the Icelandic society. The fifties was a time of restrictions and emphasis on national values, but rock'n'roll was the opposite, introducing freedom and international trends. Teenagers created their own culture for the first time, but parents were worried about a fragile future.

The Icelandic radio broadcasted mostly national knowledge and classical music. The singer Haukur Morthens had a programme on the radio together with talk show host Jónas Jónasson in 1956. They played on the radio Elvis Presley's first 45 rpm record with the tracks "Jailhouse Rock" and "Heartbreak Hotel". Most of the Icelandic audience didn't seem to be ready to rock, but one catholic priest in Reykjavík was very happy about Elvis' music. Anyway, parents were glad to have their children listening to radio programmes instead of behaving wild on the streets. The radio soon launched a programme where teenagers could send in their favourite songs. This period didn't have much tolerance towards international modern trends. Songs were censored on the Icelandic radio at that time. The first Icelandic rock'n'roll lyrics "Vagg og velta" (Bill Haley's song "The Saint's Rock'n'roll") and "Allt á floti" ("Water, Water" by Tommy Steele) were banned and the records were demolished on a live broadcast. Maybe there was a kind of a parallel in the homeland of rock'n'roll at that time where McCarthyism censored "cultural threats".

The American Base Radio, AFRTS, in Keflavík offered the kind of music Icelandic teenagers wanted to hear. The Icelandic Radio was not happy about live broadcast from the Civilian Club on Friday nights, featuring Iceland's most popular band in the fifties, the KK-sextet, that played live for half an hour leaving the Icelandic radio almost without any audience. Many Icelandic rock'n'roll bands played on the Keflavík Radio and also on the Keflavík Television, but Icelandic Television was not launched until 1966. Thorsteinn Eggertsson, "the Icelandic Elvis" appeared on the Keflavík Television with his band, The Beatniks. Some Icelanders, like Ólafur Stephensen, also had their own radio programmes on the Keflavík Base Radio. American rock'n'roll movies launched the rock'n'roll fever in Reykjavík in the spring of 1957 together with 14 rock concerts offered by the English former jazz drummer Tony Crombie and his Rockets. The concerts were planned to gain funds for the Icelandic tuberculosis foundation and were supposed to be two or three times at first, but popularity was such that the concerts became 14. The singer Helena Eyjólfsdóttir appeared there for the first time with Gunnar Ormslev's band and dancers like Sæmundur Pálsson and his mate, Lóa started their dancing career.

The most popular bands like KK-sextet and The Svavar Gest's Orchestra offered young singers to sing with them on stage. Many of the popular Icelandic singers in the fifties started as teenagers in a rehearsal with the big bands, often on so-called "restaurations", held in the afternoon. In the late fifties many teenager's bands were founded. They taped new rock'n'roll songs directly from the Keflavík Radio or foreign stations, even pirate stations like Caroline. The most popular teenage band was Plútó, later Lúdó, that is still playing, fifty years later. Many bands played in clubs on the American base, at Rockville, at the Officer's Club or the Civilian Club, where they could earn four times as much as in a club in Reykjavík. Some bands played every day of the week.

Three or four record companies published in total five or six Icelandic records each year in the fifties. Rather few young people had a record player. They had most often a small traveller's player with a battery. Records were expensive, it could take ten hours to earn enough to buy a record. The 45 rpm records were cheaper and supposed to be unbreakable.

Icelandic society changed rapidly in the fifties. The society had not fallen apart in spite of rock'n'roll. But then suddenly in 1963 beatlemania changed the situation again. The band Hljómar from Keflavík were regarded as the Icelandic Beatles. A new fever made the parents unsecure once again.

Um safnið

Poppminjasafn Íslands var stofnað 1998 með því að sýningin Bítlabærinn Keflavík var opnuð á Veitingastaðnum Glóðinni. Byggðasafni Reykjaneshæjar var síðan fengin umsjón með safninu. Forstöðumaður þess er Sigrún Ásta Jónsdóttir. Næsta verkefni safnsins var sýningin Stuð og friður, í Duushúsum, 2005 til 2007. Nú er unnið að stefnumótun fyrir Poppminjasafnið en ráðgjert er að það fái inni í Hljómahöllinni, nýbyggingu Tónlistarskóla Reykjaneshæjar við samkomuhúsið Stapann.

Byggðasafn Reykjaneshæjar heyrir undir Menningarráð Reykjaneshæjar, sem í sitja: Björk Guðjónsdóttir, formaður, Íris Jónsdóttir og Guðný Kristjánsdóttir. Starfsmaður ráðsins er Valgerður Guðmundsdóttir menningarfulltrúi.

Um sýninguna

Sýningarstjóri: Sigrún Ásta Jónsdóttir

Hönnun sýningar og skrár, grafísk hönnun og textagerð:

Ólafur J. Engilbertsson/Sögumiðlunin ehf.

Myndir: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Filmusafn Heimis Stígssonar, Ljósmyndasafn FÍH og einkasöfn Kristjáns Kristjánssonar, Nökkva Svavarssonar, Árna Scheving, Elfars Berg, Garðars Guðmundssonar, Sigurdórs Sigurdórssonar, Einars Júlíussonar, Björns G. Björnssonar o.fl.

Prentun sýningar: Sýningakerfi ehf.

Prentun skrár: Litróf Hagprent ehf.

Málning: Spartlarinn ehf.

Smíði: Óskar Gunnarsson.

Rafmagn og ljós: Geisli ehf. og Exton ehf.

Uppsetning: Ólafur J. Engilbertsson, Björn Ragnarsson og Sigrún Ásta Jónsdóttir.

Við þökkum öllum þeim sem hafa lagt okkur lið með margvíslegum hætti.

Helstu heimildir

Gunnar L. Hjálmarsson: *Eru ekki allir í stuði?*, Gestur Guðmundsson, *Rokksaga Íslands* og fjöldi heimildamanna sem getið er í inngangstexta.

Poppminjasafn Íslands

poppminjasafn@reykjaneshae.is, poppminjasafn.is

Byggðasafn Reykjaneshæjar

byggdasafn@reykjaneshae.is, reykjaneshae.is/byggdasafn

Duushús, Duusgötu 2-8, Reykjaneshæ, sími: 421-3796.

Opið daglega frá 13.00-17.30.



VAGG
OG
VELTA

ROKKÁRIN Á ÍSLANDI
Sýning í Duushúsum, Reykjaneshæ

VAGG OG VELTA – rokkárin á Íslandi

Rokkbylgjan sem skall á landinu af fullum þunga vorið 1957 fól í sér mikla ögrun við íslenskt samfélag. Sjötti áratugurinn var tími hafta og þjóðrækni, en rokkið boðaði algera andstæðu þess, hömluleysi og alþjóðavæðingu. Auk þess fundu unglingar í fyrsta sinn hverju þeir gátu fengið áorkað með því að skapa eigin menningu. Hugtakið táningur varð til og tilheyrandi tíska. Hömlulaus tjáning rokksins birtist sem uppreisn fyrir mörgum foreldrum á þessum tíma og þeir upplifðu rokkið sem ögrun við þá brothættu framtíð sem við blasti í haftasamfélaginu.

Ritskoðun á Ríkisútvarpinu

Útvarpsdagskráin var blanda af þjóðlegum fróðleik og klassískri tónlist. Skammirnar dundu á Ríkisútvarpinu þegar lag með Elvis var leikið þar fyrst árið 1956 í þætti Jónasar Jónassonar og Hauks Morthens. Það eru þó alltaf undantekningar frá reglunni. Kapólskur prestur í Landakoti, Hákon Loftsson, hringdi í þáttarstjórnendur sérstaklega til að lýsa hrifningu sinni á Elvis. Reynt var að halda unga fólkinu heima við með því að bæta óskalagabætti inn á dagskrána sem varð upphafið að Lögum unga fólksins, einum langlífasta þættinum á dagskrá Ríkisútvarpsins. Ritskoðun á dægurlagatextum á Ríkisútvarpinu vekur furðu í dag. Í tíðarandanum fólst að fólk ætti ekki að opna upp á gátt fyrir erlendum menningarstraumum og ósiðsemi sem lesa mætti á milli línanna. Textar við lögina „Vagg og velta“ með Erlu Þorsteinsdóttur og „Allt á floti“ með Skapta Ólafssyni voru bannaðir og ekki mátti leika lögina í Ríkisútvarpinu. Afleiðingin varð sú að plötur seldust enn betur. Dramatískar aðgerðir á borð við þær að brjóta plötur í beinni útsendingu vegna meintrar ósiðsemi eða vanvirðingar við þjóðskáld tíðkuðust í þá daga, en minna nú einna helst á einangrunarstefnu alræðisríkja. En í slíkum aðgerðum má líka finna samsvörun við McCarthy-ismann í sjálfu landi frelsisins sem gat af sér vaggið og veltuna.

Rokkinu útvarpað frá Keflavík

Keflavíkúrútarpið var með þá tónlist á boðstólum sem æsku landsins þyrsti í. Gætti togstreitu á milli þess og Ríkisútvarpsins, einkum þegar beinar útsendingar voru frá Civilian Club á föstudagskvöldum þar sem KK-sextettinn lék og hlustun á Ríkisútvarpið mældist vart á Faxaflóasvæðinu. Fleiri íslenskar hljómsveitir á borð við Hljóma komu fram í Keflavíkúrútarpinu og auk KK

kom Þorsteinn Eggertsson fram í sjónvarpi hersins með hljómsveit sinni Beatniks. Íslendingar sátu einnig hinum megin hljóðnemans á Vellinum. Ólafur Stephensen sá um útvarpsþátt í Keflavíkúrútarpinu á tímabili undir dulnefninu Sonny Greco.

Bandarískar rokkbíómyndir sem sýndar voru í Reykjavík vorið 1957 og rokktonleikar hins breska Tony Crombie og hljómsveitar hans, The Rockets, sem SÍBS hélt í Austurbæjarbíói það sama vor, gerðu það að verkum að sannkallað rokkæði greip um sig hjá íslenskum unglíngum. Þá kom Helena Eyjólfsdóttir fyrst fram og ákvað að helga sig tónlistinni. Danspör eins og Sæmi rokk og Lóa fóru að sýna listir sínar, hvort sem það var í bíósólum, á tónleikum eða dansleikjum.

Allir upp á svið

Vinsælustu danshljómsveitir landsins, KK-sextettinn, Hljómsveit Svavars Gestis og fleiri þekktar sveitir, gáfu ungum söngvurum tækifæri til að spreyta sig á sviðinu, oft á svonefndum „restaúrasjónum“ um miðjan dag. Elly Vilhjálms sló fyrst í gegn í prufu hjá KK nokkrum árum áður en rokkæðið skall á. En með rokkinu kom fram fjöldi ungra söngvara sem gerði út á það að „ná vel“ hinum og þessum rokkstjörnum. Óli Ágústsson og Þorsteinn Eggertsson voru báðir kenndir við Elvis Presley; Garðar Guðmundsson var kallaður hinn íslenski Tommy Steele og Siggí Johnnie náði vel ýmsum stjörnum meðal blökkumanna og málaði sig jafnvel í framan með skósvertu því til áréttingar. KK-sextettinn var með prufur fyrir unga söngvara, einskona Idol-keppni þess tíma og kom Mjöll Hólm fyrst fram á slíkri skemmtun í Austurbæjarbíói og einnig Silja Aðalsteinsdóttir, nú ritstjóri og rithöfundur. Skapti Ólafsson og hljómsveit hans fengu líka unga söngvara eins og Harald G. Haralds og Stefán Jónsson, síðar í Lúdó, upp á svið. Þegar leið að lokum sjötta áratugarins spruttu fram unglíngahljómsveitir sem tóku upp á segulband úr Keflavíkúrútarpinu, Radio Luxemborg eða jafnvel sjóræningjastöðvum eins og Caroline. Svo voru nýjustu lögina leikin á balli strax daginn eftir. Þekktust slíkra hljómsveita varð Plútó, síðar Lúdó. Íslenskar hljómsveitir gátu fjórfaldað tekjur sínar með því að spila í klúbbum á Vellinum. Það var mikið líf og fjör í hljómsveitabransanum og þekktustu sveitirnar spiluðu nánast á hverju kvöldi vikunnar, ýmist í Reykjavík eða á Vellinum, einkum í Civilian Club, Officer's Club eða í Rockville.

Hraðar samfélagsbreytingar

Þrjár til fjórar plötubúðir voru í Reykjavík sem sinntu jafnframt útgáfu. Fyrstu íslensku 45 snúninga plötur komu á markaðinn 1954. Þær voru auglýstar sem óbrjótanlegar og voru ódýrari en stórar plötur sem gat tekið allt að tíu tíma að vinna fyrir. Að meðaltali voru gefnar út fimm til sex íslenskar plötur á ári á rokkárunum. Erlendar plötur komu seint og það gat því komið sér vel að þekkja millilandasjómenn eða flugfreyjur. Unglingamenningin blómstraði og samfélagið breyttist hratt um 1960. Unglingastaðurinn Lídó var opnaður 1959 og rokkið var jafnvel tekið í sátt. Það kom í ljós að samfélagið fór ekki í bál og brand þó unglíngarnir hefðu

sitt rokk og ról. En þegar allt virtist vera á góðu róli árið 1963 kom bítlíð og breytti öllu aftur. Unglínghljómsveitin Hljómar frá Keflavík þurfti að skipta um hárgreiðslu og takt. Nýtt unglíngæði skall á, öld táningsins var sannarlega runnin upp.

Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem lagt hafa fram efni til þessarar sýningar í formi frásagna; Ólafi Stephensen, Þorsteini Eggertssyni, Kristjáni Kristjánssyni, Árna Scheving, Helenu Eyjólfsdóttur, Skapta Ólafssyni, Óla Ágústssyni, Haraldi G. Haralds, Jónasi Jónassyni, Ragnari Bjarnasyni, Mjöll Hólm, Silju Aðalsteinsdóttur, Steinunni Jóhönnu Hróbjartsdóttur, Sigga

Johnnie og Birni G. Björnssyni. Einnig vil ég þakka þeim mörgu sem hafa lagt til myndir úr einkasöfnum sínum; Nökkva Svavarssyni, Garðari Guðmundssyni, Elfari Berg, Óla Ágústssyni, Sigurdór Sigurdórssyni, Einari Júlíussyni, Friðþóri Eydal, Árna Scheving, Kristjáni Kristjánssyni og Helenu Eyjólfsdóttur. Gunnari L. Hjálmarssyni þakka ég fyrir léða texta sem vitnað er í á sýningunni. Þá vil ég sérstaklega þakka Eggerti Þór Bernharðssyni, Jónatani Garðarssyni, Jóni Kr. Ólafssyni, Ólafi Gauki, Eyjólf Herbertssyni, Rúnari Júlíussyni, Ríkisútvarpinu, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, Kvíkmyndasafni Íslands, FÍH, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Borgarleikhúsinu og öllum þeim sem lagt hafa lið.

Það er ekki um auðugan garð að gresja hvað snertir muni frá rokkárunum og þyrfti að gera varðveislutak. En varðveitt efni, myndir og frásagnir svo margra varpa sterku ljósi á þetta mótunarskeið íslenska rokksins og um leið samfélagsins.

Ólafur J. Engilbertsson
sýningarhöfundur



Ljósmynd: Ólafur K. Magnússon/Morgunblaðið

